

Bæjarstjórn Blönduósbæjar  
29. FUNDUR – 14. október 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 29. fundar þriðjudaginn 14. október 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Forseti bar undir fundarmenn ósk um að byrja á að taka fyrir 2. lið og samþykktu fundarmenn það.

### Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
  - a. **Bæjarráð frá 23. september 2008**
  - b. **Bæjarráð frá 8. október 2008**
  - c. **Fræðslunefndar 7. október 2008**
  - d. **Fræðslunefndar 13. október 2008**
  - e. **Stjórnar BS. um Tónlistarskóla A-Hún frá 10. september 2008**
  - f. **Stjórnar BS. um menningar- og atvinnumál frá 3. október 2008**
  - g. **Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 1. október 2008**
  - h. **Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 22. september 2008**
  - i. **Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 6. október 2008**
2. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008**
3. **Erindi frá Byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 22. september 2008**

### Afgreiðslur:

#### 2. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2008.**

Mætt er til fundarins Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri bæjarins.

Bæjarstjóri kynnti fjárhagsáætlunina, rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð um kr. 57.460.000.- og handbært fé í árslok er kr. 55.765.000.-

Valgarður tók til máls og ræddi þá efnahagslegu stöðu sem upp er komin í þjóðfélaginu í dag og hvatti menn til að vera bjartsýna þrátt fyrir stöðuna.

Að umræðum loknum var fjárhagsáætlunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7. atkvæðum, og vék þá Valgerður af fundi.

### **1. Fundargerðir:**

#### **a. Bæjarráð frá 23. september 2008**

Kynnt og rædd, að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### **b. Bæjarráð frá 8. október 2008**

Kynnt og borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7. atkvæðum.

#### **c. Fræðslunefndar 7. október 2008**

Kynnt og rædd, síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### **d. Fræðslunefndar 13. október 2008**

Kynnt og rædd, að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

#### **e. Stjórnar BS. um Tónlistarskóla A-Hún frá 10. september 2008**

Lögð fram til kynningar.

#### **f. Stjórnar BS. um menningar- og atvinnumál frá 3. október 2008**

Lögð fram til kynningar.

#### **g. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 1. október 2008**

Lögð fram til kynningar

#### **h. Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 22. september 2008**

Kynnt og tekin til umræðu. Ákveðið er að fresta afgreiðslu 7. lið fundargerðarinnar og er það samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum. Zophonías Ari Lárusson vísar af fundi vegna skyldleika við umræðu um liði 2-6. Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 6. atkvæðum, Zophonías Ari Lárusson situr hjá.

#### **i. Skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 6. október 2008**

Kynnt og rædd, Valdimar spurði um framkvæmdir varðandi lagnir við Hólabraut og fékk það svar að stefnt væri að þeim í nóvember. Zophonías Ari vék af fundi við umræðu á liðum 1-4.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 6.  
atkvæðum samhljóða, Zophonías Ari situr hjá.

### **3. Erindi frá Byggðasamlagi um félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 22. september 2008**

Ákvörðun bæjarstjórnar um að veita byggðasamlagi sem sveitarfélagið er aðili að, veð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku byggðasamlagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Bæjarstjórnin samþykkir hér með að veita ábyrgð í tekjum sveitarfélagsins vegna lántöku Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 22.000.000 kr. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverð til 10 ára, með breytilegum 5,00% vöxtum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Lán byggðasamlagsins er tekið til að fjármagna endurbætur á Hnitbjörgum, leiguíbúðum aldraðra, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Jafnframt er Arnari Þór Sævarssyni, kt. 161171-4339, bæjarstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að samþykkja f.h. Blönduóssbæjar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Stefanía A. Garðarsdóttir (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Sigurlaug Markúsdóttir (sign)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)